



Minnisblað

Dagsetning: 14. desember 2022

Efni: Alþjóðastofa

Málsnúmer: 2022120234

Höfundar: Anna Marit Níelsdóttir, forstöðumaður félagsþjónustu og Zane Brikovska, ráðgjafi samræmdrar móttöku flóttafólks

Ritað fyrir: Velferðarráð

Alþjóðastofa Akureyrar tók til starfa í byrjun árs 2002. Þá sagði að almennur tilgangur og hlutverk hennar væri að vinna að málefnum nýbúa og útlendinga, vera málsvari þeirra og stuðla að aðlögun þessa fólks einkum á Akureyri.

Þessi markmið hafa að mestu haldist en skv. Fjölmeningarstefnu Eypings frá 2017 sem bæjarráð samþykkti að taka upp og aðlaga árið 2018 er tilgangur og markmið starfseminnar:

Alþjóðastofa er málsvari innflytjanda og vettvangur fyrir málefni þeirra. Starfsemi Alþjóðastofu byggir á:

- *upplýsingaþjónustu, ráðgjöf og fræðslu til innflytjenda varðandi atvinnu- og dvalarleyfi, námskeið í íslensku, atvinnu, skólamál, félagsþjónustu og ýmis önnur mál.*
- *miðlun tülka.*
- *almennri fræðslu um innflytjendamál í fyrirtækjum, skólum og stofnunum*

Alþjóðastofa er stefnumótandi aðili í fjölmeningarmálum hjá Akureyrarbæ og stýrir endurskoðun á fjölmeningarstefnu bæjarins í samræmi við breytingar og reglubundin ákvæði.

Alþjóðastofa hefur frá því að hún tók til starfa tilheyrt hinum ýmsu sviðum bæjarins. Um áramótin 2019/2020 var tekin sú ákvörðun að Alþjóðastofa skyldi renna inn í félagsþjónustu Akureyrarbæjar. Var sú ákvörðun tekin eftir skoðun á starfseminni þar sem fram kom að megin verkefni væru að veita aðstoð og upplýsingar er voru að miklu þau sömu og veitt eru hjá félagsþjónustunni og því stundum um tvíverknað að ræða.

Frá því að Alþjóðastofa tók til starfa árið 2002 hafa miklar breytingar orðið á miðlun upplýsinga og flestar upplýsingar aðgengilegar á netinu. Til viðbótar heldur núna Fjölmeningarsetur úti síðu sem kallast New in Iceland, þar sem á einum stað er hægt að nálgast upplýsingar um það hvað þarf að gera þegar flutt er til landsins, auk þess sem hægt er að hafa samband á síðunni við fólk sem talar algengustu tungumál sem töluð eru hér á landi. Einnig hefur Jafnréttisstofa tekið að sér að búa til upplýsingar fyrir fólk sem nýlega er flutt til landsins og á island.is eru góðar upplýsingar á ensku um flest allt er lýtur að því að búa á Íslandi.

Staðan núna:

Þegar Alþjóðastofa flutti á Velferðarsvið voru tveir ráðgjafar starfandi. Annar í 50% stöðugildi og hinn í tímavinnu, er sá að veita pólskumælandi íbúum ráðgjöf og stuðning.

Þá var tekin sú ákvörðun að halda nafni Alþjóðastofu m.a. vegna þess að þá var hún í samstarfsverkefnum með öðrum löndum sem fengist hafði styrkur fyrir. Því samstarfi er nú lokið.

Er það mat starfsmanna að leggja eigi Alþjóðastofu sem sér einingu niður. Rökin eru m.a.

- Nafn stofunnar er villandi þar sem það gefur til kynna mun umfangsmeiri hlutverk en hún sinnir og hefur sinnt.
- Verkefnin falla vel að öðrum verkefnum á Velferðarsviði.
- Þjónustuver sinnir almennri upplýsingagjöf fyrir bæjarbúa. Ef aðstæður fólks eru fjölbreyttari en almennar upplýsingar ná að dekkja er bókað viðtal hjá ráðgjöfum félagsþjónustu eða hjá öðrum sviðum.
- Alþjóðastofa hefur sent út staðlað bréf þar sem fólk sem flytur í bæinn með erlent ríkisfang er boðið velkomið til Akureyrar. Komið hefur upp hugmynd að atvinnu- og menningarteymi bæjarins sendi samsvarandi bréf til allra er flytja til bæjarins hvort heldur þeir séu með erlent eða íslenskt ríkisfang.
- Símei, símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, heldur utan um og veitir námskeið í íslensku, samfélagsfræðslu sem og önnur námskeið og eru starfsmenn velferðarsviðs í miklu samstarfi við miðstöðina.
- Túlkaþjónusta fer nú að mestu fram rafrænt og eru fyrirtæki bæði hér á landi sem og erlendis sem sinna henni. Fjölmenningsstefna vinnur að því að vera með upplýsingar um túlka.
- Fjölmenningsstefna renni inn í almenna mannréttindastefnu Akureyrarbæjar.

Tillaga:

Alþjóðastofa verði lögð niður þar sem aðrar stofnanir á landsvísu hafa að einhverju leyti tekið við hlutverki hennar með tilkomu upplýsingatækni. Sú þjónusta sem út af stendur fellur vel að verkefnum annarra stofnana bæjarins.